

## **222. fundur sveitarstjórnar Bláskógabyggðar haldinn fimmtudaginn 13. desember 2018, kl. 20:00 í Aratungu**

Mætt voru:

Helgi Kjartansson, Valgerður Sævarsdóttir, Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir, Kolbeinn Sveinbjörnsson, Óttar Bragi Þráinsson, Eyrún M. Stefánsdóttur, Róbert Aron Pálmason og Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Sigurrós H. Jóhannsdóttir, sviðsstjóri.

Helgi Kjartansson, oddviti, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Lagði hann til að bætt yrði við lið 1.2 innsend erindi frá fjallskilanevnd Þingvallasveitar, lið 4.8, gjaldskrá íþróttamannvirkja, 4.9 gjaldskrá fyrir útleigu á Aratungu og Bergholti, lið 6.1, fundargerð skipulags- og byggingarnefndar til staðfestingar og lið 7.1 fundargerð stjórnarfundur UTU til kynningar. Var það samþykkt. Gengið var til dagskrár.

### **1. Innsend bréf og erindi:**

- 1.1 Erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi umboð til kjarasamningsgerðar, dags. 4. desember 2018. Lagt var fram erindi kjarasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem óskað er eftir að umboð til kjarasamningsgerðar verði yfirfarin og endurnýjuð vegna komandi kjarasamningsgerðar. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að yfirfara og undirrita umboðið.
- 1.2 Erindi Halldórs Kristjánssonar, formanns fjallskilanevndar Þingvallasveitar, dags. 4. desember 2018. Lagt var fram erindi Halldórs Kristjánssonar, varðandi réttir og fjallskil í Þingvallasveit, vestan varnargirðingar. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vinna að úrlausn þeirra mála sem tilgreind eru í bréfinu.

### **2. Tillaga um þóknun kjörinna fulltrúa fyrir setu í sveitarstjórn og nefndum Bláskógabyggðar.**

Framlögð tillaga byggir í grunninn á þóknunum eins og þær voru samþykktar á fundi sveitarstjórnar 2. mars 2017. Þar sem fyrir liggur að sveitarstjórn mun funda tvisvar í mánuði og byggðaráð verði lagt niður er eftirfarandi tillaga lögð fram.

Í tillögu þessari er búið að uppreikna þóknunir miðað við launavísitölu í október 2018. Aðrir kjörnir fulltrúar en oddviti fá greitt fyrir fundarsetu.

#### **Sveitarstjórn:**

Föst mánaðarleg greiðsla til aðalmanna: 56.421 kr.

Greiðsla fyrir setinn fund 28.211 kr. (Þessi upphæð greidd til varamanna fyrir setinn fund) .

#### **Nefndir**

Nefndarmaður: 14.105 kr.

Formaður nefnda fær tvöfalda þóknun: 28.211 kr.

#### **Aðrir fundir:**

Aðrir stærri fundir, eða samstarfsfundir, utan sveitarfélags sem sveitarstjórnarmaður / nefndarmaður hefur verið kjörinn til eða falið að sitja fær greitt kr. 28.211 kr. fyrir heilan dag eða 14.105 fyrir hálfan dag (allt að 4 tímum).

Til þess að sveitarstjórnarmaður fái greitt fyrir fundi utan heimabyggðar þarf viðkomandi að vera kjörinn af sveitarstjórn til fundarsetunnar eða á annan hátt mælst til þess af sveitarstjórn að hann mæti. Sveitarstjóra/oddvita ber að staðfesta fundarsetuna og koma þeim upplýsingum til launafulltrúa. Ekki er greitt fyrir almenna fundi innan sveitarfélags.

Ef fulltrúar í nefndum sveitarfélagsins fara á fundi utan heimabyggðar fá þeir greidd fundarlaun nefnda fyrir hvern fund auk aksturs skv. akstursdagbók. Til þess að greitt verði fyrir fundi utan heimabyggðar þarf viðkomandi nefndarmaður að vera kjörinn af sveitarstjórn til fundarsetunnar eða á annan hátt mælst til þess af sveitarstjórn að hann mæti. Sveitarstjóra/oddvita ber að staðfesta fundarsetuna og koma þeim upplýsingum til launafulltrúa.

### **Kjörnefndir:**

Fyrir hvern setinn nefndarfund: 14.105 kr.

### **Greiðslur skv. tímakaupi:**

Tímakaup er greitt fyrir vinnu hjá starfsnefndum, starfsmanna á kjörfundum eða annarri vinnu aðila sem sveitarstjórn hefur samþykkt. Tímakaup 3.845 kr. á klst.

Þessar fjárhæðir taka breytingum í byrjun hvers árs skv. breytingu launavísitölu, í fyrsta sinn í janúar 2019.

### **Akstursgreiðslur:**

Akstur er greiddur vegna fundarhalda nefnda Bláskógabyggðar. Akstur kjörinna fulltrúa verður styrktur skv. aksturstaxta RSK. Til þess að fá akstur greiddan og kostnað vegna funda utan sveitarfélagsins þarf viðkomandi nefndarmaður að vera sérstaklega kjörinn fulltrúi sveitarfélagsins á þeim fundi eða hafa verið falið að mæta sem fulltrúi Bláskógabyggðar.

Umræða varð um málið. Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

### **3. Viðauki við fjárhagsáætlun 2018.**

Lagður var fram viðauki nr. 5 við fjárhagsáætlun ársins 2018.

Viðaukinn felur í sér eftirfarandi breytingar:

Breyting á rekstri:

Tekjur:

- Auknar útsvarstekjur 10.000.000 kr. Færist á lykil 00-0001.

Gjöld:

- A- hluti: Millifærsla Bláskógaskóla Laugarvatni til Bláskógaskóla Reykholti, kr. 6.000.000. Færist á 04212-9613.
- B-hluti: Þjónustukaup fráveitu vegna Seyrustaða, útlit fyrir að um vanáætlun hafi verið að ræða kr. 4.000.000. Færist á 6111-4990.
- B-hluti: Tekjuskattur Bláskógaveitu, var ekki í áætlun, kr. 12.000.000. Færist á 4584-5915.

Samtals breyting á rekstri 12.000.000.

Rekstrarafgangur A-hluta lækkar í 14.498.000 kr. úr 29.802.000 kr. skv. upphaflegri áætlun.

Rekstrarafgangur samstæðu lækkar í 44.896.000 kr. úr 76.200.000 kr. skv. upphaflegri áætlun.

Breytingar á sjóðstreymi:

- Handbært fé lækkar um 12.000.000 kr. með viðauka 5, verður kr. 128.591.000.

Sveitarstjórn samþykkir viðaukann samhljóða og felur sveitarstjóra að tilkynna viðaukann til réttra aðila.

#### 4. Gjaldskrár 2019.

4.1 Forsendur fjárhagsáætlunar 2019, álagningarhlutfall fasteignaskatts og lóðarleiga: Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að álagningarhlutfall fasteignaskatts verði:

A-liður Fasteignaskattur íbúðarhúsnæðis eins og það er skilgreint í a-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995 verður 0,5% af heildarfasteignamati.

B-liður Fasteignaskattur af opinberum byggingum eins og þær eru skilgreindar í b-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995 verður 1,32% af heildarfasteignamati.

C-liður Fasteignaskattur atvinnuhúsnæðis og annarra eigna eins og þær eru skilgreindar í c-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995 verður 1,42% af heildarfasteignamati.

*Afsláttur sem er veittur tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í viðkomandi fasteign fer eftir samþykkt um tekjuviðmið sem samþykkt var í sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 7. apríl 2011.*

Lóðarleiga:

Lóðarleiga verði 1% af fasteignamati lóða.

Ákvörðun um gjalddaga fasteignagjalda 2019:

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að gjöld liða 4.1, 4.2, 4.3 og 4.4 verði innheimt með 6 gjalddögum mánaðarlega frá 1. febrúar 2019. Eindagar eru 30 dögum eftir gjalddaga. Innheimtur verða sendar út rafrænt ásamt álagningaseðli. Ekki verða sendir útprentaðir greiðsluseðlar eða álagningaseðlar nema gjaldendur óski sérstaklega eftir því.

4.2 Gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs í Bláskógabyggð

Lögð var fram tillaga að gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs, sorphirðu og sorpeyðingu fyrir árið 2019. Í gjaldskránni kemur m.a. fram að innheimt skuli:

##### Sorphirðugjald:

Ílátastærð	Grátunna	Blátunna	Græntunna
240 l ílát	18.110 kr.	4.831 kr.	4.831 kr.
660 l ílát	36.198 kr.	9.655 kr.	9.655 kr.
1.100 l ílát	54.287 kr.	14.480 kr.	14.480 kr.

**Grátunna:** söfnun á 21 daga fresti.

**Blátunna:** söfnun á 42 daga fresti.

**Græntunna:** söfnun á 42 daga fresti.

##### Sorpeyðingargjald vegna heimilisúrgangs:

Íbúðarhúsnæði	21.658 kr.
Frístundahúsnæði	18.989 kr.
Lögbýli	13.269 kr.

Fyrirtæki

49.100 kr.

Fyrirtæki, lögbyli eða frístundahúsafélög sem afsetja rekstrarúrgang á móttökustöðvum eða nýta þjónustu verktaka vegna hirðingar og eyðingu rekstrarúrgangs greiða verktaka fyrir þá þjónustu. Gjaldtaka á móttökustöð eða gjaldtaka þjónustuverktaka er ekki hluti af gjaldi sveitarfélagsins skv. þessari grein.

Gjaldfrjálst verður á gámastöð fyrir heimilisúrgang frá heimilum og frístundahúsum allt að 0,25 m<sup>3</sup>. Umframmagn er gjaldskylt á móttökustöð, miðað við m<sup>3</sup> þess úrgangsmagns sem afsett er, samkvæmt gjaldskrá móttökustöðva. Allur úrgangur og rekstrarúrgangur fyrirtækja er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmar og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs. Móttökugjald á einn m<sup>3</sup>: 5.900 kr.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi tillögu að gjaldskrá og felur sveitarstjóra að óska eftir staðfestingu heilbrigðisnefndar Suðurlands og síðan að koma henni til birtingar í B-deild Stjórnartíðinda.

#### 4.3 Gjaldskrá fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í Bláskógabyggð

Lögð var fram tillaga að gjaldskrá fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í Bláskógabyggð, nr. 1241/2017:

Fráveitugjald verði óbreytt, 0,25% af heildarfasteignamati eigna sem tengjast fráveitukerfum sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið innheimtir árlega rotþróargjald til niðurjöfnunar á kostnaði við tæmingu rotþróa, skv. 18. gr. samþykktar um fráveitur og rotþrær í Bláskógabyggð.

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað þriðja hvert ár skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0 –6000 lítra kr. 10.370.

Rotþró 6001 lítra og stærri kr. 2.305 pr./m<sup>3</sup>

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað annað hvert ár skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0 –6000 lítra kr. 15.551

Rotþró 6001 lítra og stærri kr. 3.459 pr./m<sup>3</sup>

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað á hverju ári skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0 –6000 lítra kr. 31.110

Rotþró 6001 lítra og stærri kr. 6.919 pr./m<sup>3</sup>

Fyrir aukalosun, að beiðni eiganda, skal innheimta gjald kr. 38.560 fyrir hverja losun af rotþró 0 –6000 lítra. Fyrir aukalosun, að beiðni eiganda, skal innheimta gjald kr.

6.919 fyrir hvern rúmmetra, ef rotþró er 6001 lítra eða stærri. Að auki skal greiða kr. 400 fyrir ekinn kílómetra fyrir aukalosun.

Grunnvísitala gjaldskrárinnar er byggingarvísitala (grunnur 2010) í október 2017, 135,1 stig. Vísitala í desember 2018 er 141,6 stig.

Afsláttur sem er veittur tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í viðkomandi fasteign fer eftir samþykkt um tekjuviðmið sem samþykkt var í sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 7. apríl 2011.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi tillögu að gjaldskrá og felur sveitarstjóra að óska eftir staðfestingu heilbrigðisnefndar Suðurlands og síðan að koma henni til birtingar í B-deild Stjórnartíðinda.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi tillögu að gjaldskrá og felur sveitarstjóra að óska eftir staðfestingu heilbrigðisnefndar Suðurlands og síðan að koma henni til birtingar í B-deild Stjórnartíðinda.

4.4 Gjaldskrá kaldavatnsveitu Bláskógaveitu, Bláskógabyggð  
Lögð var fram tillaga að gjaldskrá kaldavatnsveitu Bláskógabyggðar.

Vatnsgjald verði 0,3% af heildarfasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitu sveitarfélagsins. Hámarksálagning verði 54.450 á sumarhús og íbúðarhús. Lágmarksálagning verði 16.335.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi tillögu að gjaldskrá kaldavatnsveitu og felur sveitarstjóra að koma henni til birtingar í B-deild Stjórnartíðinda.

4.5 Gjaldskrá fyrir hundahald í Bláskógabyggð

Lögð var fram gjaldskrá fyrir hundahald í Bláskógabyggð.

Við skráningu hunds skal greiða kr. 12.500 í skráningargjald, og árlega eftir það kr. 12.500 skráningargjald. Innifalið í skráningar- og leyfisgjaldi er skráning, ábyrgðartrygging og hundahreinsun fyrir viðkomandi hund.

Við afhendingu handsamaðs hunds skal innheima að lágmarki handsömunargjald kr. 12.500. Beri sveitarfélagið kostnað umfram það gjald vegna handsömunar skal sá umframkostnaður innheimtur hjá ábyrgðaraðila hundsins sérstaklega. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi tillögu að gjaldskrá og felur sveitarstjóra að óska eftir staðfestingu heilbrigðisnefndar Suðurlands og síðan að koma henni til birtingar í B-deild Stjórnartíðinda.

4.6 Gjaldskrá leikskóla Bláskógabyggðar

Lögð var fram tillaga að gjaldskrá leikskóla Bláskógabyggðar. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir að gjaldskrá leikskóla hækki um 3% um næstu áramót, nema vistun fyrir 9. klukkustund dvalartíma (vistun umfram 8 klukkustundir), sem hækki um 10%.

4.7 Gjaldskrá mötuneytis Aratungu

Lögð var fram tillaga að gjaldskrá mötuneytis Aratungu. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir að gjaldskrá mötuneytisins í Aratungu hækki um 3% um næstu áramót.

4.8 Gjaldskrá íþróttamannvirkja

Lögð var fram tillaga að gjaldskrá íþróttamiðstöðva. Hvað varðar gjaldskrá vegna innri leigu milli stofnana þá samþykkir sveitarstjórn samhljóða að gjaldið hækki skv. framlagðri gjaldskrá.

Hvað varðar almenna notkun íþróttamiðstöðvanna þá samþykkir sveitarstjórn Bláskógabyggðar þá tillögu að gjaldskrá sem liggur fyrir fundinum.

4.9 Gjaldskrá útleigu Aratungu og Bergholts

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir að gjaldskrá útleigu Aratungu og Bergholts hækki um 3% um næstu áramót.

## 5. Fjárhagsáætlun 2019 og þriggja ára áætlun 2020-2022, síðari umræða.

Fjárhagsáætlun 2019 - 2029 fyrir sveitarfélagið Bláskógabyggð lögð fram til lokaumræðu og afgreiðslu. Sveitarstjóri gerði grein fyrir fjárhagsáætluninni og skýrði ýmsa liði.

Lögð var fram eftirfarandi greinargerð með fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 og þriggja ára áætlun 2020-2022:

## I Fjárhagsáætlun 2019

Grunnur fjárhagsáætlunar 2019-2022 byggir á áætlun 2018 með viðaukum.

Almenna reglan er að tölulegur hluti fjárhagsáætlunar ræður ef misræmi kann að vera á milli texta í greinargerð og tölulega hlutans.

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2019, eins og hún er lögð fram til síðari umræðu í sveitarstjórn er áætlað að rekstrarafgangur verði 79,4 millj.kr. eftir fjármagnsgjöld, afskriftir og skatta.

Nokkur óvissa er um þróun launaliðar á næsta rekstrarári, en langflestir kjarasamningar sveitarfélaga eru lausir á næsta ári. Í fjárhagsáætluninni er gert ráð fyrir fjármagni til að mæta kjarasamningshækkunum, a.m.k. að hluta.

Í fjárhagsáætluninni er fylgt áætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um þróun greiðslna úr Jöfnunarsjóði og horft til áætlunar Sambands íslenskra sveitarfélaga um þróun útsvarstekna. Hvað útsvarið varðar er gert ráð fyrir 10,5% hækkun frá áætlun 2018, með viðaukum, fyrir árið 2019.

Rekstrarútgjöld hækka milli ára vegna áhrifa af kjarasamningsbundnum launahækkunum, fjölgunar stöðugilda og vegna hækkana á ýmsum liðum sem snúa að vöru- og þjónustukaupum. Rekstrarafgangur fyrir fjármagnsgjöld og skatta er áætlaður 121,2 millj.kr. og veltufé verði 169 millj.kr. eða 11,1% af heildartekjum.

Fjármagn til snjómoksturs- og hálkueyðingar aukið, m.a. vegna þeirrar ákvörðunar sveitarstjórnar að allar heimreiðar að húsum í dreifbýli þar sem er föst búseta og skráð lögheimili verði mokaðar. Gert er ráð fyrir að haldið verði áfram vinnu við verkefnið „Heilsueflandi samfélag“ og sérstakt fjármagn verði eyrnamerkt verkefnum á því sviði. Þá er gert ráð fyrir að aukið verði um 0,5 stöðugildi í mötuneyti í Aratungu.

Gert er ráð fyrir fjölgun stöðugilda í leikskólum sveitarfélagsins og að leikskólabörnum fjölgi nokkuð þegar ný leikskólinn í Reykholti verður tekinn í notkun. Máltíðir fyrir börn í leik- og grunnskólum verða gjaldfrjálsar frá áramótum og er það liður í því að öll börn hafi aðgang að heilnæmum mat, óháð efnahag foreldra.

Mikil áhersla er á uppbyggingu grunninnviða og áætlað að verja talsverðu fjármagni til hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu. Bætt verður við stöðugildi hjá Bláskógaveitu og unnið að uppsetningu fjarálestrarmæla og innmælingu lagna.

Um þessar mundir er að ljúka formlegu skipulagsferli vegna þéttbýlisins í Reykholti, þar sem skipulagðar hafa verið nýjar götur, og hafist verður handa í byrjun næsta árs við endurskoðun deiliskipulags Laugarvatns. Þar verður sjónum m.a. beint að því landi sem sveitarfélagið fékk frá ríkinu á sl. ári.

Fjárfestingar eru áætlaðar fyrir um 488 millj.kr. á næsta ári. Haldið verður áfram byggingu leikskóla í Reykholti og er áætlað að taka hann í notkun næsta haust, áætlaður kostnaður á árinu 2019 er 338 millj.kr. Þá er gert ráð fyrir að ráðast í endurbætur á húsinu að Lindarbraut 8 (Ösp) á Laugarvatni með það að markmiði að það verði nýtt sem kennsluhúsnæði og er áætlað að verja 15 millj.kr. til þess á árinu 2019. Til endurbóta á leiksvæðum grunnskólanna á Laugarvatni og í Reykholti verður varið 2 millj.kr.

Til stendur að ráðast í framkvæmdir við byggingu húsnæðis yfir þau tæki sem sveitarfélögin eiga til verkunar seyru á Flúðum og er gert ráð fyrir framlagi Bláskógabyggðar til verkefnisins í áætluninni. Á sviði umhverfis- og samgöngumála er gert ráð fyrir fjármagni til viðhalds gatna, 15 millj.kr. og frágangs göngustíga, 9 millj.kr., auk þess sem fjármagn er áætlað til hönnunar

og gatnagerðar vegna 1. áfanga nýrrar götu í Reykholti. Innan eignasjóðs er áætlað að skipta um þak á áhaldahúsi og veitt fjármagni upp í kostnað við byggingu hesthúss við Fremstaver. Bláskógabyggð hefur sótt um styrk til lagningar ljósleiðara í sveitarfélagið og þar sem talsverðar líkur eru taldar á að styrkur fái til verkefnisins er gert ráð fyrir 40 millj.kr. framlagi til ljósleiðaralagningar á árinu 2019.

Á sviði fráveitumála er áætlað að veita 5 millj.kr. til hönnunar hreinsistöðvar og lagningar fráveitu í nýja götu í Reykholti. Hjá Bláskógaveitu eru áætlaðar fjárfestingar fyrir 30,4 millj.kr. Vatnsveita Bláskógabyggðar er með áætlaða fjárfestingu fyrir 16,8 millj.kr. Tengigjöld veitna á móti framkvæmdakostnaði eru áætluð um 10 millj.kr.

Af stærri viðhaldsverkefnum sem færast á rekstrarlið má nefna viðgerðir á þaki grunnskóla í Reykholti og viðhald leiguhúsnaðis. Þá verður áfram unnið að viðhaldi ýmissa eigna og endurbótum, m.a. til að uppfylla kröfur eftirlitsaðila.

Bláskógabyggð er ekki mikið skuldsett sveitarfélag, en gert er ráð fyrir lántökum vegna byggingar leikskóla. Gert er ráð fyrir að greidd verði niður lán að fjárhæð 91 millj.kr. en tekin ný lán að fjárhæð 200 millj.kr. Þá er gert ráð fyrir að nýfjárfesting verði fyrir 488 millj.kr. Áætlað er að skuldaviðmið skv. sveitarstjórnarlögum verði áfram langt undir lögboðnu hámarki, sem er 150%, en skv. áætluninni mun það vera um 38,4% í lok ársins 2019.

Gjaldskrár vegna þjónustugjalda hækka almennt um 3%, þar á meðal gjaldskrá sorphirðu, en sorphirðugjöldum og gjöldum skv. gjaldskrá fyrir gámasvæði er ætlað að standa undir kostnaði við sorphirðu og rekstur gámasvæðis. Talsverð aukning hefur verið á sorphirðum frá heimilum og hækka því urðunargjöld, þrátt fyrir aukna flokkun. Íbúar eru hvattir til að minnka sorphirðumagn sem kostur er, og flokka úrgang eins og sorphirðukerfi sveitarfélagsins gerir ráð fyrir.

Álagningarhlutfall fasteignaskatts á íbúðarhúsnaði er óbreytt á milli ára, 0,5%. Álagningarhlutfall fasteignaskatts atvinnuhúsnaðis hækkar úr 1,40% af fasteignamati í 1,42%. Álagningarhlutfall fráveitugjalds er óbreytt, 0,25% og vatnsgjalds 0,3%, en hámarksgjald vatnsgjalds verður 54.450 á sumarhús og íbúðarhús og lágmarksgjald verður 16.335. Gjald fyrir hreinsun rotþróa hækkar um 3%.

Brýnt er að sýna stöðugt aðhald í rekstri til að kostnaður við rekstur málaflokka sé í sem bestu samræmi við þær tekjur sem sveitarfélagið hefur.

## II Nokkrar lykiltölur

### Rekstur :

Fjárhagsáætlun sem nú liggur fyrir til fyrri umræðu gerir ráð fyrir að rekstrarniðurstaða samstæðunnar án afskrifta og fjármagnsliða sé jákvæð um 121,2 millj.kr. Afskriftir eru áætlaðar 59 millj.kr., fjármagnskostnaður nettó er áætlaður 37,5 millj.kr. Tekjuskattur vegna Bláskógaveitu reiknast 4,3 millj.kr. Heildarniðurstaða samstæðunnar er því jákvæð um 79,4 millj.kr.

Áætlunin gerir ráð fyrir að samanlagðar tekjur A og B hluta verði 1.520,9 millj.kr. á árinu 2019. Hluttur skatttekna (útsvar, fasteignagjöld og Jöfnunarsjóður) í samanlögðum tekjum í A hluta er 1.186 millj.kr. eða 88,7%.

Samkvæmt áætluninni þá verða skatttekjur (útsvar, Jöfnunarsjóður og fasteignaskattur) á íbúa 993 þús.kr. og heildareignir á íbúa verða 1.851 þús.kr.

Heildarlaunakostnaður er áætlaður 632 millj.kr. sem er 41,5% af heildartekjum og 53,2% af skatttekjum. Annar rekstrarkostnaður er áætlaður um 708 millj.kr.

### Fjárfestingar :

Nettófjárfestingar ársins eru áætlaðar 488,3 millj.kr. Afborganir lána eru áætlaðar 91 millj.kr. og nýjar lántökur eru áætlaðar 200 millj.kr. Í töflunni hér að neðan má sjá skiptingu helstu framkvæmda (nettó) á málaflokka:

Eignasjóður	406.500 millj.kr.
Fráveita	5.000 millj.kr.

Bláskógaveita	21.240 millj.kr.
Vatnsveita	15.883 millj.kr.
Fjarskiptafélag (ljósleiðari)	40.000 millj.kr.
<b>Samtals fjárfesting nettó</b>	<b>488.623 millj.kr.</b>

Á móti framkvæmdum í umferðar- og samgöngumálum koma gatnagerðargjöld og tengigjöld veitna sem dragast frá í fjárfestingaráætlun.

### III 3ja ára fjárhagsáætlun fyrir árin 2020 - 2022

Þriggja ára áætlun er ekki staðfest fjárhagsáætlun fyrir árin 2020-2022 heldur yfirlit yfir það sem er á dagskrá þessi ár. Við fjárhagsáætlanagerð hvers árs fer fram nánari útfærsla á þriggja ára áætlun miðað við þær forsendur sem þá liggja fyrir og því geta fjárhæðir og framkvæmdahraði vegna einstakra verkefna breyst frá því sem fram kemur í þriggja ára áætlun hverju sinni.

Almenna reglan er að tölulegur hluti fjárhagsáætlunar ræður ef misræmi kann að vera á milli texta í greinargerð og tölulega hlutans.

#### Stefnumörkun

Til grundvallar þeirri þriggja ára áætlun sem hér er lögð fram liggur fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 en jafnframt er byggt á þriggja ára áætlun 2019-2021. Ekki er gert ráð fyrir breytingum í rekstri málaflokka, nema hvað varðar rekstur leikskólans Álfaborgar, þar sem rekstarkostnaður vegna nýs húsnæðis og starfsemi í því er áætlaður fyrir heilt ár í áætlun árunna 2020-2022, en aðeins fyrir hluta úr ári árið 2019 og eru tekjur eignasjóðs áætlaðar miðað við sömu forsendur.

Fjárfestingar eru áætlaðar fyrir um hálfan milljarð samtals á tímabilinu 2020-2022 og eru fjölbreytt verkefni sem falla þar undir. Áhersla er áfram lögð á að byggja upp innviði samfélagsins og að grunnkerfi þau sem sveitarfélagið rekur, s.s. gatnakerfi og veitur geti annað því álagi sem á þeim er.

#### Helstu forsendur áætlunar 2020 – 2022

Til að unnt sé að setja fram áætlunina hafa ákveðnar forsendur verið lagðar til grundvallar. Þriggja ára áætlun er byggð á áætlun ársins 2019 og er gerð á föstu verðlagi, sem er breyting frá því sem áður hefur verið.

Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri allra málaflokka næstu 3 árin, að frátöldu því sem að framan er getið.

#### Skatttekjur

Áætlun á skatttekjum er byggð á áætlun ársins 2019.

#### Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Áætlun á framlögum Jöfnunarsjóðs er byggð á áætlun ársins 2019.

#### Fasteignaskattur

Gert er ráð fyrir óbreyttum tekjum af fasteignaskatti frá árinu 2019 árin 2020– 2022.

#### Þjónustutekjur

Ekki er gert ráð fyrir hækkun á gjaldskrárn vegna þjónustu sveitarfélagsins í áætluninni.

#### Laun



Áætlun launa og launatengdra gjalda er byggð á launaáætlun ársins 2019.

### Rekstrarkostnaður

Áætlun rekstrarkostnaðar er byggð á áætlun ársins 2019.

### **Helstu niðurstöður áætlunar 2019 - 2022**

Helstu kennitölur áætlunarinnar fyrir samstæðureikning (í þús. króna):

<b>Samstæða (A- og B-hluti)</b>	<b>2019</b>	<b>2020</b>	<b>2021</b>	<b>2022</b>
<b>Rekstrarreikningur</b>				
Tekjur	1.520.945	1.535.976	1.535.976	1.535.976
Gjöld	1.399.667	1.434.614	1.443.377	1.444.377
Niðurstaða án fjármagnsliða	121.278	101.361	92.599	91.599
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(37.502)	(56.092)	(59.833)	(57.031)
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>79.468</b>	<b>40.963</b>	<b>28.459</b>	<b>30.261</b>

<b>Efnahagsreikningur</b>	<b>2019</b>	<b>2020</b>	<b>2021</b>	<b>2022</b>
<b>Eignir</b>				
Fastafjármunir	1.917.307	2.057.720	2.132.272	2.098.989
Veltufjármunir	294.065	233.629	260.783	266.124
<b>Eignir samtals</b>	<b>2.211.372</b>	<b>2.291.349</b>	<b>2.393.055</b>	<b>2.365.113</b>
<b>31. desember</b>	<b>2019</b>	<b>2020</b>	<b>2021</b>	<b>2022</b>

<b>Eigið fé og skuldir</b>				
Eigið fé	1.212.768	1.253.731	1.282.190	1.312.451
Langtímaskuldir	809.828	864.449	928.203	882.098
	188.776	173.170	182.663	170.564
Skammtímaskuldir				
Skuldir og skuldbindingar samtals	998.605	1.037.618	1.110.865	1.052.663
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>2.211.372</b>	<b>2.291.349</b>	<b>2.393.055</b>	<b>2.365.113</b>

Gert er ráð fyrir nettó fjárfestingu í þúsundum króna, sem hér segir:

	<b>2019</b>	<b>2020</b>	<b>2021</b>	<b>2022</b>
Eignasjóður	406.500	56.000	46.000	36.000
Fráveita	5.000	41.000	40.000	40.000
Bláskógaveita	21.240	61.800	52.800	5.800
Vatnsveita	15.883	47.000	56.500	6.500
Fjarskiptafélag	40.000	50.000	0	0
Samtals fjárfesting nettó	488.623	255.800	195.300	88.300

### Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir eru reiknaðir miðað við þau vaxtakjör sem sveitarfélagið býr við.

### Fjárfestingar

Gert er ráð fyrir fjárfestingum fyrir 255,8 millj.kr. árið 2020, 195,3 millj.kr. árið 2021 og 88,3 millj.kr. árið 2022.

### Lántökur

Ný langtímalán á árunum 2020-2022 eru áætluð 240 millj.kr. og niðurgreiðslur eldri lána eru áætlaðar á sama tímabili 252,6 millj.kr.

#### IV Lokaorð

Í fjárfestingarhluta þriggja ára ætlunar er leitast við að forgangsraða verkefnum og dreifa þeim með það að markmiði að halda skuldsetningu sveitarfélagsins sem minnstri og þar með að lágmarka fjármagnskostnað. Sá hluti ætlunarinnar sem snýr að rekstri byggir á því að ekki verði miklar breytingar á rekstri málaflokka milli ára. Nánari útfærsla áætlunar fyrir hvert ár fyrir sig er unnin í fjárhagsáætlun hverju sinni. Forsendur á borð við verðlagsþróun, íbúafjölgun, þróun tekna og útgjalda geta því haft áhrif á áætlun hvers árs fyrir sig.

Tekjur sveitarfélagsins hafa vaxið heldur síðustu ár. Íbúum í Bláskógabyggð hefur fjölgað jafnt og þétt og fasteignum fjölgað. Nokkuð ber þó á skorti á íbúðarhúsnæði, bæði fyrir fólk sem vill koma til starfa hjá sveitarfélaginu, og hjá öðrum aðilum. Er ætlunin að hefja framkvæmdir við nýja götu 2019, þannig að nokkrar lóðir verði byggingarhæfar. Mikil uppbygging er í ferðaþjónustu innan Bláskógabyggðar, auk þess sem unnið er að gerð virkjunar við Brú. Atvinnuleysi mælist lítið innan Bláskógabyggðar, 1,8%, en er að meðaltali 2% á landsbyggðinni.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 hefur verið unnin í góðri samvinnu sveitarstjórnarfulltrúa og stjórnenda. Ber að þakka það óeigingjarna starf sem hér hefur verið unnið.

Lagt var fram mat PwC ehf skv. 66. gr. sveitarstjórnarlaga vegna framkvæmda sveitarfélagsins við byggingu leikskóla í Reykholti, en sú fjárfesting nemur meira en 20% af heildartekjum sveitarfélagsins á yfirstandandi ári. Niðurstaða matsins er sú að fjárhagsleg staða sveitarfélagsins ráði vel við fjárfestinguna vegna leikskólans.

Umræða varð um tillöguna. Oddviti bar upp fyrirbyggjandi tillögu að fjárhagsáætlun Bláskógabyggðar 2019 – 2022 til samþykktar. Tillagan var samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að senda endurskoðendum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og lögbundnum aðilum afrit af samþykktri áætlun.

#### 6. Fundargerðir til staðfestingar

6.1 168. fundur skipulagsnefndar haldinn 12. desember 2019, ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 18-91

##### Mál nr. 3; Tjörn L167174; Tjörn 4A og 1A; Stofnun lóða – 1812007

Lögð fram umsókn Gunnars og Snorra Guðjónssona, dags. 04.12.2018, um stofnun 2ja nýrra lóða úr jörðinni Tjörn L167174 skv. meðfylgjandi uppdrætti. Um er að ræða annars vegar 27.185 m<sup>2</sup> lóð sem fengi heitið Tjörn 4A, utan um útihús, og hins vegar 27.947 m<sup>2</sup> lóð sem fengi heitið Tjörn 1A og er einnig utan um útihús.

Kvöð er um aðkomu að lóð 4A um lóð 4 og aðkoma að lóð Tjörn 1A er frá Tjarnarvegi.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við stofnun né heiti lóðanna með fyrirvara um lagfærð gögn í samráði við skipulagsfulltrúa. Ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.*

##### Mál nr. 4; Tjörn L172439; Tjörn 4; Breytt afmörkun, stærð og heiti lóðar – 1812009

Lögð fram umsókn Gunnars og Snorra Guðjónssona, dags. 04.12.2018, um breytingu á skráningu íbúðarhúsalóðarinnar Tjörn L172439. Lóðin er skráð 20.000 m<sup>2</sup> í Þjóðskrá en

verður 2.013 m<sup>2</sup> skv. lóðablaði en nákvæm mæling hefur ekki áður legið fyrir. Samhliða er óskað eftir að lóðin fái heitið Tjörn 4. Kvöð er gerð um aðkomu að lóð 4A um lóð 4

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við heiti, afmörkun og breytingu á skráningu lóðarinnar með fyrirvara um lagfærð gögn í samráði við skipulagsfulltrúa. Ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.*

**Mál nr. 5; Tjörn lóð L179043; Tjörn 2; Staðfest afmörkun og breytt heiti lóðar – 1812008**

Lögð fram umsókn Gunnars og Snorra Guðjónssona, dags. 04.12.2018, um staðfestingu á afmörkun íbúðarhúsalóðarinnar Tjörn lóð L179043 skv. lóðablaði. Lóðin er skráð 2.000 m<sup>2</sup> í Þjóðskrá og breytist stærð hennar ekki. Samhliða er óskað eftir að heiti lóðarinnar verði breytt í Tjörn 1.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við heiti, afmörkun og breytingu á skráningu lóðarinnar með fyrirvara um lagfærð gögn í samráði við skipulagsfulltrúa. Ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga. Mælt er með að íbúðarhúsalóðin Tjörn lóð L167175 fái heitið Tjörn 2.*

**Mál nr. 6, Fell L167086: Ásahverfi: Frístundabyggð: Aðalskipulagsbreyting - 1809019**

Selmúli ehf óskar eftir að gerð verði breyting á nýju aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027, á þann veg að frístundasvæði merkt F65 verði stækkað og eldra deiliskipulag lagfært og uppfært á stafrænan kortagrunn. Í núgildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir 15 lóðum og þar af eru 9 þeirra byggðar. Í nýju breyttu deiliskipulagi er gert ráð fyrir að lóðum fjölgi upp í 35. Lögð er fram skipulagslýsing dags.12.nóvember 2018 og er óskað eftir að hún verði tekið til málsmeðferðar í samræmi við 30.gr. skipulagslaga nr.123/2010.

*Sveitarstjórn leggst gegn fyrirhugaðri stækkun frístundasvæðis í land Fells, þar sem áform stangast á við ákvæði aðalskipulags Bláskógabyggðar 2015-2027. Þar segir að nýir áfangar frístundabyggðar innan hverrar jarðar verða ekki teknir til skipulagsmeðferðar fyrr en minnst 2/3 hlutar fyrri áfanga hafa verið byggðir.*

**Mál nr. 7; Apavatn 2 L167621 Presthólar Malarnámur Aðalskipulagsbreyting – 1808061**  
Guðmundur Valsson leggur fram umsókn um að gerð verði breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027, þ.e. breytt landnotkun. Að færð verði inn í aðalskipulag Bláskógabyggðar 4.91 ha merking í landi Apavatns 2, fyrir malarnámu sem væri allt að 50.000 m<sup>3</sup> að stærð. Náman fengi heitið E129. Meðfylgjandi er uppdráttur dags.15 nóvember 2018, með tillögu að breytingu á ofangreindu aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027.

*Sveitarstjórn samþykkir að gerð verði breyting á gildandi aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027, þar sem færð verði inn á uppdrátt sveitarfélagsins merking fyrir nýrri námu E129 í landi Efra-Apavatns í samræmi við fyrirliggjandi gögn. Vinna þarf útarlegri gögn sem sýna nákvæmari afmörkun svæðis og greinargerð um efnistöku, frágang að efnistöku lokinni og umgengni á svæðinu á meðan á efnistöku stendur.*

**Mál nr. 8; Snorrastaðir L168101; Aukið byggingarmagn á lóð; Fyrirspurn - 1812003**

Félag Skipstjórnarmanna leggur fram fyrirspurn um, hvort leyfi fái til að byggja nýtt frístundahús efst í horni lóðar þeirra og í staðinn yrðu rifin og fjarlægð tvö núverandi smáhýsi. Ekki liggur fyrir gildandi deiliskipulag á svæðinu. Stærð nýs húss yrði á milli 85-105m<sup>2</sup>. Einnig er óskað eftir að breikka göngustíg sem liggur að núverandi smáhýsum og gera akfæran 3m breiðan veg að nýju húsi.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að byggingarfulltrúi gefi út byggingarleyfi með fyrirvara um jákvæða niðurstöðu grenndarkynningar. Verði um frekari uppbyggingu að ræða þá er nauðsynlegt að vinna deiliskipulag fyrir svæðið.*

**Mál nr. 9; Efsti-Dalur 1 L167630; Efsti-Dalur 1A; Stofnun lóðar – 1812015**

Lögð fram umsókn Ólafs Björnssonar f.h. Sigurfinns Vilmundarsonar, dags. 28.11.2018, um stofnun nýrrar 3.678 m<sup>2</sup> lóðar utan um núverandi íbúðarhús úr landi Efsta-dals L167630. Fyrir liggur samþykki eiganda upprunalsins eftir umboði og eiganda aðliggjandi lóðar á hnitsettri afmörkun lóðarinnar. Gert er ráð fyrir að lóðin fái heitið Efsti-Dalur 1A. Kvöð er um aðkomu að lóðinni um núverandi heimreið jarðanna Efsta-Dals 1 og 2.

*Ekki er gerð athugasemd við stofnun né heiti íbúðarhúsalóðar með fyrirvara um lagfærð gögn í samráði við skipulagsfulltrúa. Ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.*

**Mál nr. 10; Haukadalur 4 L167101; Hótel Geysir og Geysisstofa; Ný lóð; Deiliskipulagsbreyting – 1812016**

Lögð fram umsókn Sigurðar Mássonar dags. 07.12.2018, f.h. Sigríðar Vilhjálmisdóttur og Hótel Geysis, um breytingu á deiliskipulagi Hótel Geysis og Geysisstofu í landi Haukadals 4. Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir 20.330 m<sup>2</sup> lóð utan um nýtt Hótel Geysi ásamt hótengarði og rútu- og bílastæðum. Byggingarskilmálar breytast ekki.

*Sveitarstjórn metur breytinguna óverulega og samþykkir hana skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki er talin þörf á grenndarkynningu þar sem ekki er um aðra hagsmunaaðila að ræða en eigendur lóðar.*

**Mál nr. 11; Kjarnholt 1 L167127; Kjarnholt 5; Stofnun lóðar – 1812022**

Lagt fram erindi Þorsteins Magnússonar f.h. Magnúsar Einarssonar, dags. 4. desember 2018, þar sem óskað er eftir að skipta 205 ha landi (189 ha miðað við þurrlendi) úr jörðinni Kjarnholt 1 L167127 skv. meðfylgjandi lóðablaði. Gert er ráð fyrir að landeignin fái heitið Kjarnholt 5. Íbúðarhús, hlaða og hesthús eru innan afmörkunar nýja landsins. Aðkoma að landinu er um núverandi aðkomuveg frá Kjarnholtsvegi 2 og gert er ráð fyrir að aðkoma að landi upprunalsins verði hér eftir frá Einiholtsvegi (358) um núverandi veg sem nefnist Fagradalsbraut sem liggur m.a. um spilduna Kjarnholt 1 land L217917. Við gerð lóðablaðsins kom í ljós að afmörkun aðliggjandi lands, Kjarnholt 2 land 4 L205289, er ekki rétt og verður leiðrétt samhliða lóðastofnun Kjarnholta 5 og skráningu landsins breytt til samræmis lagfærðu lóðablaði.

Samhliða beiðni um stofnun lóðarinnar Kjarnholt 5 þá er óskað eftir umsögn sveitarfélagsins um að landið verði lögbýli.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við stofnun né heiti landeignarinnar Kjarnholt 5 með fyrirvara um að fyrir liggi samkomulag um aðkomu að Kjarnholtum 1. Ekki er gerð athugasemd við breytta afmörkun Kjarnholts 2 land 4. Þá er ekki gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. jarðalaga. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við stofnun lögbýlis.*

**Mál nr. 12; Skálholt lnr. 167166 Deiliskipulag - 1705001**

Lögð fram, að lokinni auglýsingu skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillaga að deiliskipulagi fyrir Skálholtsjörðina ásamt umhverfisskýrslu og nær tillagan til allrar jarðarinnar sem er um 1.500 ha að stærð. Samkvæmt tillögunni eru m.a. afmarkaðir byggingarreitir fyrir byggingar tengdar Skálholtsskóla og vígslubiskupshúsi vegna þjónustu við ferðamenn auk endurskoðun lóða í Skálholtsbúðum. Þá er almennt hugað að skipulagi

byggðar og búskaps, umhverfis, umferðar og gróðurs, bílastæði skilgreind og staðsetning Þorlákshöfnar skoðuð. Einnig er afmarkað svæði fyrir skógrækt og endurheimt votlendis. Tillaga og greinargerð voru auglýstar frá 18. apríl til 31. maí 2018. Fyrir liggja umsagnir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Náttúrufræðistofu Íslands, Vegagerðarinnar og Minjastofnunar Íslands. Einnig bárust athugasemdir frá einstaklingum þ.e. frá Þorfinni Þórarinssyni dags. 6.5.2018 og Guðmundi Ingólfssyni og Elínborg Sigurðardóttur dags.23.5.2018. Athugasemdir þeirra voru á sömu lund þ.e. að þau leggja til að gera þurfi tengiveg innan Skálholtssvæðisins, þannig að ekki þurfi að fara út á þjóðveg til að fara á milli kirkjusvæðis annars vegar og hins vegar Skálholtsbýlisins. Gerðar hafa verið breytingar á tillögunni dags. 11.12.2018, eftir auglýsingartíma sem koma til móts við þá sem gerðu athugasemdir, og hefur verið afmarkaður vegur innan svæðis þ.e. tengivegur frá vegi að kirkju yfir að Skálholtsbýli og kirkjugarði. Við breytinguna mun verða lokað fyrir núverandi tengingu við Skálholtsveg að býlinu og kirkjugarði.

*Sveitarstjórn samþykkir framkomna breytingu á deiliskipulagstillögu fyrir Skálholtsjörðina í Bláskógabyggð dagsetta 11.12.2018 og að hún verði auglýst að nýju skv. 1.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr.123/2010.*

Mál nr. 27; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 18-91 – 1811007F.  
Afgreiðslur byggingarfulltrú frá 5. desember 2018 lagðar fram til kynningar.

## **7. Fundargerðir til kynningar**

7.1 57. fundur stjórnar UTU (Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita), haldinn 12. desember 2018. Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 22:05.

---

Helgi Kjartansson, oddviti

---

Valgerður Sævarsdóttir

---

Kolbeinn Sveinbjörnsson

---

Eyrún Margrét Stefánsdóttir

---

Guðrún S. Magnúsdóttir

---

Óttar Bragi Þráinsson

---

Róbert Aron Pálmason

---

Ásta Stefánsdóttir

---

Sigurrós H. Jóhannesdóttir